



Dagsetning 30. maí 2024
Málsnúmer HVIN23100119

Viðbrögð háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis við umsögnum um þingmál 911 á 154. löggjafarþingi; Lög um Nýsköpunarsjóðinn Kríu.

Umsögn frá Samtökum iðnaðarins

Í umsögn SI kemur fram að áhyggjur séu uppi um hvort að stjórn hins nýja sjóðs, samsett af þremur einstaklingum tryggji nægilega breidd og nægilega þekkingu á nýsköpun og reynslu af störfum fyrir atvinnulífið.

Lagt er til að stjórn hins nýja sjóðs verði skipuð fimm stjórnarmönnum, þar af tveimur sem skipaðir eru af hálfu Samtaka atvinnulífsins.

Einnig leggur SI til að hæfiskilyrði í 4. gr. frumvarpsins verði útvíkkuð og taki til þess að stjórnarmann skuli ekki skipa sé hann líklegur til þess að teljast vanhæfur við töku ákvarðana, svo sem með því að hann sé starfsmaður sprotafyrirtækis eða fjárfestingarsjóðs.

Það er mat ráðuneytisins að vísan til þriggja manna stjórnar og forstjóra sem situr fundi með stjórn sjóðsins sé það fullnægjandi fyrirkomulag og tryggi breidd og nægilega þekkingu á nýsköpun og atvinnulífi. Því til viðbótar má finna aftast í skjali þessu tillögu ráðuneytisins um skipan tveggja stjórnarmanna til vara, einn sem er skipaður án tilnefningar og einn eftir tilnefningu frá Samtökum atvinnulífsins.

Hvað varðar athugasemd SI um hæfisskilyrði stjórnarmanna telur ráðuneytið að í frumvarpinu sé hæfi stjórnarmanna nægilega tryggt en gerir þó ekki athugasemdir ef nefndin kys að auka við núverandi hæfisskilyrði.

Umsögn frá Kríu, sprota- og nýsköpunarsjóði

3. gr. um hlutverk sjóðsins

Stjórn Kríu varar við því að ætla nýjum sjóði of mörg verkefni eða að þynna út áherslur og markmið með sameiningu sjóðanna.

Þá er tilgreint í erindinu að sjóðurinn telji óljóst í frumvarpinu hvernig hinum nýja sjóði væri rétt að meta þátttöku í erlendum sjóðum og hvernig ætti að forgangsraða fjármagni sjóðsins milli innlendra og erlendra sjóða.

Rétt er að tilgreina hér sérstaklega að frumvarpið nefnir aðeins sérhæfða sjóði og sérhæfða EES-sjóði sbr. 3. mgr. 3. gr. þess. Í greinargerð er svo nánar tilgreint að þetta orðalag beri að skýra út frá skilgreiningu á sérhæfðum sjóðum og sérhæfðum EES-sjóðum samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020. Í báðum tilfellum er, á grundvelli þeirra laga, skilyrði um að sjóður hafi starfsleyfi eða sé skráður á Íslandi eða í ríkjum innan EES eða er þar með skráða starfsstöð. Þá er gert ráð fyrir að í reglugerð verði frekari kröfur til sérhæfðra sjóða skilgreindar nánar, svo sem um hvort og þá hversu miklar tengingar sjóðurinn skuli hafa við

Ísland og íslenskt nýsköpunarumhverfi. Einnig hefur verið rætt um það að í reglugerð verði kveðið á um hversu hátt hlutfall af fjárfestingum sjóðsins megi vera í EES-sjóðum, þ.e. sjóðum með staðfestu á EES-svæðinu.

Ráðuneytið telur því að svara megi áhyggjum stjórnar Kríu með ofangreindum atriðum og nánari afmörkun í reglugerð sem sett verður til fyllingar.

Þá spyr stjórn Kríu einnig hvers vegna takmarka eigi erlenda þátttöku við EES-svæðið en leyfa ekki þátttöku í sjóðum sem eru skráðir í öðrum ríkum svo sem Bretlandi eða Bandaríkjunum.

Hvað þetta varðar þá vill ráðuneytið leggja til að horft sé til þess að sjóðurinn geti fjármagnað vísisjóði sem búa við sambærilegt regluverk og þeir íslensku sérhæfðu sjóðir sem stefnt er að því að fjármagna. Þess vegna hefur verið horft til svokallaðra EES-sjóða. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að bandarískur eða breskur sjóður opni útibú á Íslandi og fái staðfestingu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og sækji í framhaldi um fjármögnun frá hinum nýja sjóði.

4. gr. um stjórn nýs sjóðs.

Fram kemur að mikilvægt sé að skýrar kröfur séu um þekkingu og hæfni stjórnar.

Ráðuneytið telur að kröfur til stjórnar, þekkingar hennar og hæfni séu nægilega skýrar í því frumvarpi sem nú liggur fyrir.

6. gr. um forstjóra nýs sjóðs.

Stjórn Kríu bendir á að óskýrt sé hvernig forstjóri hins nýja sjóðs skuli skipaður og ítrekar mikilvægi þess að skipaður verði hæfasti einstaklingurinn í starfið.

Ráðuneytið bendir á að við ákvörðun um fyrirkomulag forstjóra hins nýja sjóðs hafi verið horft til skipunar forstjóra Persónuverndar samkvæmt 6. mgr. 38. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Samkvæmt frumvarpinu skal forstjóri nýs sjóðs vera skipaður af ráðherra en eftir tillögu stjórnar. Forstjórinn hefur veigameira hlutverk í starfsemi stjórnar en venja er hjá ríkisaðilum þar sem hann situr fundi stjórnar, hefur þar málfrelsi og tillögurétt og þannig góð tengsl við stefnumótun stjórnar. Með þessari útfærslu er reynt að færa hlutverk og aðkomu forstjóra nær því sem gerist í almennum félögum þar sem stjórn ræður framkvæmdastjóra. Einnig hefur verið horft til þess að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórn hins nýja sjóðs verði fremur lítil, aðeins þrír stjórnarmenn og því þótti eðlilegt að aðkoma forstjóra væri nokkuð sterk og sýnileg.

Verði frumvarp þetta að lögum mun ráðuneytið horfa til þess verklags og framkvæmdar sem dómsmálaráðuneytið hefur markað við skipun forstjóra Persónuverndar. Ráðgert er að staða forstjóra hins nýja sjóðs verði þannig auglýst laus til umsóknar og að stjórn hins nýja sjóðs fari yfir umsóknir og sinni viðtölum og mati á umsækjendum. Stjórnin muni þannig skila til ráðherra tillögu um hvaða umsækjandi sé hæfastur. Það sé síðan ráðherra sem formlega skipar forstjórnann og getur þá horft til niðurstöðu stjórnarinnar. Skipað verði til fimm ára í senn eins og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segja til um.

9. gr. um rekstur hins nýja sjóðs.

Stjórn Kríu bendir á að ekki sé í frumvarpinu gert ráð fyrir hvernig hugsanlegum arði af fjárfestingum sjóðsins skuli varið. Ef hugmyndin sé að allur arður skuli nýttur til frekari uppbyggingar ætti það að koma skýrt fram og eins ef hugmyndin er að hluti arðs eða hann allur greiðist til eiganda.

Ráðuneytið telur að með 9. gr. frumvarpsins og umfjöllun í greinargerð um rekstrarfyrirkomulag sjóðsins sé ljóst að hann verði rekinn sem sígrænn sjóður en í því felist að sjóðnum beri að nýta hagnað til nýrra fjárfestinga fremur en að greiða út arð. Það megi jafnframt lesa úr því að sjóðnum eru ekki ætluð bein fjárframlög á fjárlögum. Aðeins er gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi úr að spila fjárfestingarheimild skv. 6. gr. fjárlaga. Í slíkri heimild felst ekki að sjóðurinn fái fjármagn til ráðstöfunar heldur getur hann gengið til samninga um fjármögnun að uppfylltum ákveðnum lögbundnum skilyrðum og síðan sótt það fjármögnunarfé til fjármála- og efnahagsráðuneytis þegar kemur að samningsbundnum greiðslum.

Þannig telur ráðuneytið að ljóst sé að hinn nýi sjóður muni ekki koma til með að greiða eiganda sínum arð heldur skuli hann nýta allan arð til frekari fjárfestinga.

Viðbótartillaga frá HVIN

Ráðuneytið vill óska eftir því við háttvirta efnahags- og viðskiptanefnd að kannaður verði möguleiki þess að setja fram breytingatillögu við frumvarpið þar sem gert væri ráð fyrir að skipaðir yrðu varamenn við stjórn hins nýja sjóðs. Þar sem aðeins er ráðgert að stjórnarmenn verði þrír talsins þykir rétt að skipa jafnframt tvo varamenn, einn skipaðan af hálfu ráðherra og einn af hálfu Samtaka atvinnulífsins. Slíkir varamenn geti þannig gengið til liðs við stjórnina tímabundið komi til vanhæfis eða forfalla aðalmanna. Nánari verði kveðið á um hlutverk varamanna í reglugerð um hinn nýja sjóð.

Meðfylgjandi er tillaga að texta sem gæti orðið 3. málslíður í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins: *Ráðherra skipar jafnframt tvo varamenn í stjórn, annan án tilnefningar og hinn eftir tilnefningu frá Samtökum atvinnulífsins.*

Ráðuneytið áréttar að sjálfsagt er að funda aftur með nefndinni í kjölfar minnisblaðs þessa, verði óskað eftir því, eða svara öllum frekari spurningum sem vakna.

F.h. ráðherra,



Brynhildur Pálmarsdóttir

